



Hvaða orð á ég að nota?

Ásta, mig langar alltaf í meira og meira og meira ristað brauð, hvaða orð á ég þá að nota sagði einn drengur á Sunnuvöllum um daginn. Þá ertu *sólginn* í ristað brauð svaraði Ásta. Já einmitt sagði strákurinn, ég er *sólginn* í ristað brauð. Það er samdóma álit kennara í Tjarnarseli að áhugi barnanna á orðum hefur aukist til muna eftir að þróunarverkefnið *Bók í hönd* hófst. Drjúgur tími fer orðið í samræður í sögustundum og börnin eru orðin duglegri að spyrja og spjalla um merkingu orða.

Orðaleikir

Skemmtilegir orðaleikir eru að verða til í kringum verkefnið en börnin á Sunnuvöllum leika til dæmis mikið með *Orðabelg* sem er fullur af orðum sem þau eru búin að læra. Eitt barn dregur orð úr belgnum og leikur það fyrir hin börnin sem eiga að geta upp á hvert orðið er. Með yngri börnunum er leikræn tjáning einnig mikið notuð en það er auðvitað gaman að leika orðin *bálillur* og *montinn* sem börnin á Sólvöllum hafa nýlega lært. Á Ljósstöllum hefur orðaspjallið meðal annars tengst þemaverkefni um Ísland og þá staði sem börnin ferðuðust til í sumar.

Orðaspjall á Mánavöllum

Nú þegar börnin á Mánavöllum eru orðin örugg í leikskólanum og vel aðlöguð byrja kennararnir þar að leika með orð á einfaldan hátt. Valin verða orð sem tengist þeirra nánasta umhverfi og daglega lífi. Orðin verða sett upp fyrir foreldra og munu þau hanga lengur uppi en á hinum deildunum þar sem yngstu börnin þurfa lengri tíma en þau eldri til að læra ný orð.

Foreldrasamvinna

Eins og foreldrar hafa vonandi tekið eftir setja kennarar upp orð vikunnar. Tilgangur þess er að fá foreldra til að spjalla um orðið við börnin en mikilvægt er að ræða við börnin um orðin sem verið er að leggja inn. Þannig eru meiri líkur á að þau nái merkingu þeirra. Slíkar samræður auka áhuga barnanna á orðum og þau öðlast betri skilning á tungumálinu sem kemur sér afar vel þegar lengra líður á skólagöngu þeirra.

Foreldrar hafa nú fengið nokkrar ábendingar frá okkur um bóklestur og hvernig má byggja upp skemmtilegar samræður í kringum lesturinn. Við hvetjum foreldra að sjálfsögðu til að nýta sér þetta efni og njóta um leið notalegrar samveru með börnum sínum.